

Sþ.

51. Tillaga til þingsályktunar

um ljóskastara í skipum o. fl.

Flm.: Hermann Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að nota heimild í lögum um eftirlit í skipum og setja nú þegar reglugerð, er skyldar skipaeigendur að setja góða og öfluga ljóskastara í skip sín og önnur nauðsynleg öryggistæki.

Verði auk þeirra aðila, sem löginn um skipaeftirlit gera ráð fyrir, að tillögur gefi við samningu slíkrar reglugerðar, haft samráð við Slysavarnafélag Íslands.

Greinargerð.

Á síðasta þingi flutti ég þingsályktunartillögu, er gekk í sömu átt og þessi. Var tillögunni vísað til nefndar, en kom þaðan ekki aftur.

Það er fyrir löngu viðurkennt, að til mikils öryggis sé fyrir sjófarendur í svarta-myrrkri og vondum veðrum, að um borð í hverju skipi séu góðir ljóskastarar.

Reynslan hefur sýnt, í hversu góðar þarfir slíkt áhald getur komið, ef svo slysalega vill til, að maður falli fyrir borð í myrkri, og hversu hörmulegar afleiðingar það getur haft að vera án ljóskastara, þótt hér verði eigi tilgreind dæmi.

Það hefur því í langan tíma verið áhugamál þeirra, er vinna að auknum slysa-vörnum á hafinu, að hvert skip væri búið góðum ljóskastara, og hefur Slysavarna-félag Íslands gert ákveðnar samþykktir í þá átt og beitt sér fyrir því, að þær væru framkvæmdar, með því að afla sér birgða af ljóskösturum og bjóða þá skipaeigendum.

Þrátt fyrir þetta hafa skipaeigendur yfirleitt lítið sinnt þessu öryggismáli. Að vísu samþykkti stjórn Landssambands íslenzkra útvegsmanna á síðast liðnum vetri, þá er hörmulegur atburður hafði skeð á hafinu, að beita sér fyrir því, að félagsmenn settu ljóskastara í skip sín.

Var það einmitt með tilliti til þessarar samþykktar, að ýmsir alþingismenn, er til máls tóku, þá er þessi þingsályktunartillaga var rædd á síðasta þingi, töldu hana óþarfa, þar sem útgerðarmenn hefðu sjálfir ákveðið að framkvæma það, er ætlað var til með þingsályktunartillögunni, og er sennilegt, að einmitt þar sé að finna eina orsök þess, að þingsályktunartillagan var svæfð í nefnd þeirri, er fékk hana til meðferðar.

Því miður hefur ekki orðið um miklar framkvæmdir að ræða hjá skipaeigendum á þessu tímabili, sem liðið er, síðan nefnd samþykkt stjórnar L. Í. Ú. var gerð. Aðeins hinir nýju togarar, sem nú hafa verið að koma til landsins, eru búnir ljóskösturum, en allt látið sitja í sama farinu með hin eldri skip. Þau eru enn flest ljóskastaralaus.

Reynslan hefur því sýnt svo ótvírætt, að ekki verður um villzt, að eigi þetta mál að komast í framkvæmd, verður með reglugerð að skylda skipaeigendur til að búa skip sín ljóskösturum.

Því er þessi þingsályktunartillaga flutt nú í annað sinn, og er þess að vænta, að hún verði samþykkt, með tilliti til þess, hversu mikið er í húfi, að þetta öryggismál komist í viðunanlegt horf.